

WJÓRI

2. ÁRG. 1. TBL.

NÓV. 1981

een Mac D Mullins op

J. J. O'Donoghue

Publications

1981



FRÁ RITSTJÓRN

LJÓRI kemur hér út í annað sinn og nú allbreyttur frá fyrsta tölublaði. Þegar Félag ísl. safnmanna tók að sér útgáfuna var ákveðið að vel skyldi vandað til alls útlits blaðsins og tilraun gerð til að auka útbreiðsluna á þann hátt.

LJÓRI verður áfram vettvangur um safnamál og almenna menningarvörslu, bæði á sviði lista og minja.

Það er von ritstjórnar, að þessi tilraun gefist vel, þannig að fjárhagsgrundvöllur ritsins verði tryggður, en fyrirhugað er að ritið verði framvegis gefið út tvisvar á ári.

Þjóðminjasafnið keypti nýlega frá Hollandi 7 túskeikningar eftir hollenska listamanninn ALBERTUS VAN BEEST (1820-1860), sem hann mun hafa teiknað er hann kom til Íslands árið 1848. LJÓRI birtir í þessu töl. þrjár af þessum skemmtilegu myndum Albertus van Beest.

FORSÍÐUMYND

„Een Nachtwacht op Ijslandt te Raikiavick 1848“

„Næturvörður í Reykjavík 1848“

Spurningar vöknúðu strax um hver þessi sérkennilega búni næturvörður hafi verið, og svo skemmtilega vill til, að hægt er að nafngreina hann með nokkurri vissu, því að **Guðmundur nokkur Gissurarson muna hafa gegnt stöðu vaktara árið 1948**, eftir föður sinn Gissur Magnússon, sem leystur var frá embætti árið 1830.

Um þá feðga segir Klemens Jónsson m.a. svo í sögu Reykjavíkur: 1929: „Gissur Magnússon var vaktari í bænum um fjöldamörg ár, og bjó lengst af í Hólakoti. Er hans opt getið, en það var hvortveggja að sýslanin mun hafa verið illa launuð, enda framkvæmd hennar eftir því. Gissur bar alltaf **einkenni embættis síns, gaddakylfu mikla og stundaglas, og söng fyrir utan húsin vers um hverja fulla klukkustund á nætur.**

Gissur var hugdeigur maður og var því sjaldan nálægur, er einhverjar ryskingar bar að höndum. Hann var drykkjumaður mikill og svo voru afkomendur hans allt fram á vora daga. Sonur hans var Guðmundur, líka vaktari, er bjó í svonefndum Vaktarabæ í Grjótaþorpi.“

Guðmundur gegndi næturvarðastarfinu fram til 1865 og fékk þá lausn frá störfum með 100 rdl í eftirlaun. En þess má geta, að árið 1848, þegar myndin var teiknuð, voru **útgjöld bæjarins vegna launa vaktarans og til yfirhafnar hans, áætluð 200 rdl.**

BAKSIÐA

„Een inwoner van Islandt Raikavic 1848“

„Reykvikingur árið 1848“

FÉLAG ÍSLENSKRA SAFNMANNA STOFNAÐ

Árni Björnsson

Einsog frá var greint í 1. hefti **Ljóra** hafði á síðasta ári komið fram sú hugmynd að hleypa lífi í það félag íslenskra safnmanna, sem að nafni til hafði verið við lýði frá samnorræna safnmannafundinum í Reykjavík árið 1971. Þetta félag átti sér engin lög eða stofnskrá, hefur enga almenna fundi haldið, og aldrei hefur verið skipt um stjórn, en í henni sitja Þór Magnússon formaður, Selma Jónsdóttir varaformaður og Árni Björnsson ritari. Meðlimir þess teljast hinsvegar íslenska deildin í Sambandi norræna safnmanna (Skandinavisk Museumsforbund).

Í sama hefti var boðað til aðalfundar Félags íslenskra safnmanna 17. janúar 1981. Skyldi þar loks gengið frá lögum félagsins og kosin ný stjórn. Samin voru nokkur drög að lögum fyrir félagið, og voru lög Félags íslenskra fræða einkum höfð til hliðsjónar. Við þá lagasmíð vöfðust einkum tvö vandamál fyrir.

Í fyrsta lagi virtist örðugt að tilgreina, hvaða skilyrði menn þyrftu að uppfylla til að geta orðið félagar. Í 2. grein laganna má sjá, hvernig úr þessu var leyst, en sú grein getur sjálfsagt þurft endurskoðunar við.

Hitt atriðið reyndist enn snúnara viðfangs, en það var staða félagsins gagnvart norræna safnmannasambandinu. Í fyrstu var svo ráð fyrir gert í drögunum, að félagið væri eo ipso deild í Sambandi norræna safnmanna. Þegar farið var að skoða lög sambandsins, var hinsvegar ekki

ljóst, hvort félög sem heild gætu verið aðilar í því, og einna helst mátti á þeim skilja, að einungis væri um einstaklingsaðild að ræða. En sambandið heldur ekki fundi nema á 3ja ára fresti, og því hefðu margir, sem samkvæmt 2. grein áttu rétt á félagsaðild, tæpast getað öðlast hana fyrr en eftir fund sambandsins í Stokkhólmi 1982. Úr þessu álitamáli hefur ekki enn verið skorið, þar sem norræna safnmannasambandið hefur enga yfirstjórn, og til þess þyrfti að kynna sér tilhögun mála á öllum hinum Norðurlöndunum.

Niðurstaðan varð því sú, að ekkert er minnst á Samband norræna safnmanna í lögunum, en tekið fram í 3. grein, að tilgangur félagsins sé m.a. að „annast samskipti við safnamenn og hliðstæð samtök erlendis.“ Hin gamla stjórn Íslandsdeildar sambandsins situr því formlega áfram, en þessum málum hlýtur að verða komið á hreint fyrir fund sambandsins á næsta ári.

Hinn boðaði aðalfundur breyttist því í stofnfund Félags íslenskra safnmanna. Á honum voru í upphafi 20 manns, en 15 sátu hann til enda og samþykktu lög félagsins, sem birt eru í heild hér á eftir. Í starfsráð voru kjörin Árni Björnsson, Frosti F. Jóhannsson, Guðný G. Gunnarsdóttir, Gunnlaugur Haraldsson, Halldór J. Jónsson, Karla Kristjánsdóttir, Mjöll Snæsdóttir og Þorsteinn Jónsson. Þá var samþykkt, að félagið tæki að sér útgáfu **Ljóra** „fyrst um sinn.“

Á fyrsta fundi starfsráðs var síðan kosin stjórn fram að aðalfundi og skipuðu hana Halldór J. Jónsson formaður, Frosti F. Jóhannsson ritari og

Framh. bls. 26

ÞJÓNUSTUHLUTVERK ÞJÓÐMINJASAFNSINS

Halldór J. Jónsson

Sú hugmynd er enn furðu algeng að söfn eigi ekki að vera annað en varðveislustaðir gamalla gripa og sé aðalhlutverk þeirra að hafa þessa muni helst alla til sýnis að staðaldri. Að sögn hefur komið fyrir að arkitektar hafi hafnað tilmælum safnstjóra um rúmgóðar geymslur með þeim rökum að sýningarsalirnir séu hinir einu réttu geymslustaðir safngripanna. — Skilningur á störfum safnvarða er oft mótaður af álíka frumstæðum hugmyndum (sem starfsheitið á kannski einhverja sök á sem sé þeim að hlutverk þeirra sé ekki annað en að vera gæslumenn í sýningarsölum til að verja dýrgripina hjaski eða ásælni fingralangra gesta. Vel má hugsa sér menningarsöguleg minjasöfn sem hefðu enga sýningarsali, en væru eingöngu rannsóknar- og þjónustustofnanir líkt og bóka- eða skjalasöfn. Þegar öllu er á botninn hvolft eru öll söfn í eðli sínu forðabúr heimilda sem að gagni eiga að koma við öflun þekkingar. Hlutverk safnvarða er að kunna skil á þessum heimildaforða og gera hann aðgengilegan og tiltækan þeim sem á þurfa að halda, hvort heldur eru fræðimenn, fjölmiðlafólk, skólamenndur eða óbreyttir borgarar.

Þó að kjörgripir í sýningarsölum séu ekki eina réttlætingin fyrir tilveru safna eru víst flestir sammála um að sýningarnar, andlit þessara stofnana út á við, geti ráðið úrslitum um áhuga almennings á starfsemi þeirra.

Hvað sem þessu líður hafa viðhorf til safna breyst á þann veg í seinni tíð

að sífellt eru gerðar til þeirra meiri kröfur sem mennta- og þjónustustofnana. Á þeim 20 árum sem ég hef starfað við Þjóðminjasafnið, hefur þessi þróun verið svo ör að hún hefur valdið stórauknu álagi á stofnunina.

Hér verður dregið á nokkra þjónustupættina eins og þeir horfa við mér.

Fræðimenn, innlendir og erlendir, þurfa oft að leita aðstoðar safnsins vegna rannsókna sinna og þykir auðvitað sjálfsagt að veita hana, enda nýtur safnið sams konar fyrirgreiðslu af annarra hálfu, þegar eftir er leitað. Mikið berst, einkum erlendis frá, af alls konar fyrirspurnum og óskum um upplýsingar sem snerta ekki nærri alltaf eiginlegt starfssvið safnsins. Þessum fyrirspyrjendum er reynt að veita úrlausn ef óskirnar eru ekki allt of fráleitir og tilætlunarsemin yfirgengileg eins og stundum vill verða. Í safninu hefur stundum verið unnið að stórum rannsóknarverkefnum utan- aðkomandi aðila og má þar t.d. nefna rannsókn Ellen Marie Magerøy á íslenskum tréskurði.

Aukin umsvif **fjölmiðla**, einkum sjónvarps, hafa beint og óbeint kallað á aðstoð Þjóðminjasafns vegna dag-skrárgerðar. Iðulega koma hingað upptökuflokkar frá erlendum sjónvarpsstöðvum, sem eru að gera þætti um land og þjóð og þurfa því á að halda upplýsingum um menningar-söguleg atriði og fá áfnot af safngripum til myndatöku.

Vegna **kvikmynda- og leikmynda-gerðar** er í vaxandi mæli leitað til safnsins um ráðgjöf, fyrirmyndir og leikmuni til að skapa atburðum á tjaldi og sviði trúverðugt umhverfi. Má þar t.d. minna á tiltölulega nýaf-



„Een visschershuis te Raicavich “ Verbuðir í Reykjavík

staðna kvikmyndun á Paradísarheimt. Óskir af þessum tilefnum geta orðið margvíslegar; einn vantar bún- inga bændakvenna frá miðri 19. öld, annan húsmuni eða myndir sem varpa ljósi yfir hóbýlahætti reykvískra góðborgara á 2. áratug 20. aldar o.s.frv. Eins og gefur að skilja gengur misjafnlega að uppfylla óskirnar og árangurinn ekki alltjént í réttu hlut- falli við fyrirhöfnina.

Sýningar þykja sjálfsagður daga- munur þegar minnst er tímamóta í sögu samtaka, stofnana eða þjóðar- innar allrar. Við slík tækifæri má heita undantekning, ef ekki er leitað til safnsins til að fá að láni hluti eða myndir sem henta tilefninu. Hér má minna á sýningar þjóðhátíðarársins 1974, þar sem safnið þurfti að leggja a.m.k. þremur sýningum til efni á sama ári með allri vinnu sem því

fylgdi. Vegna sérsýninga sem erlend söfn og aðrar menningarstofnanir efna til er oft falast eftir gripum héð- an að láni. Þjóðminjasafnið hefur reyndar ósjaldan tekið saman heilar sýningar eða deildir í stærri sýning- um og að auki orðið að semja texta í tilheyrandi sýningarskrár. Gagn- kvæm starfsemi af þessu tagi fer ört vaxandi með auknum samskiptum milli þjóða.

Alloft er óskað eftir sérstakri **leið- sögu** um safnið og má þar fyrst nefna gesti hins opinbera — stundum þjóð höfðingja. Sagt hefur verið að stjórn- völd muni aldrei eftir þjóðminjasafn- inu nema þegar á að sýna það tignum gestum, og auðvitað er slíkum aldrei synjað um persónulega leiðsögu. En ekki gegnir sama máli um alla aðra. Reyndar er oftast leitast við að verða við óskum ráðstefnuhópa um sér-

staka leiðsögu, en oft verður sökum mannfæðar að neita öðrum um þessa þjónustu. Engum starfsmanni safnsins hefur verið sérstaklega falið að annast slíkt, en full ástæða væri til að safnið hefði í þjónustu sinni um aðal-ferðamannatímann einhvern sem hefði sérhæft sig í að sýna safnið og gæti annast leiðsögn á 2-3 málum auk íslensku. Þetta mætti þó ef til vill leysa að nokkru með hljóðritunum.

Heimsóknir námsfólks geri ég ekki að umtalsefni hér þar sem um þær verður sérstaklega fjallað af öðrum í næsta tölublaði.

Í Þjóðminjasafninu eru eins og flestum mun kunnugt varðveitt stór **myndasöfn**. Elstu myndasöfnunum var komið á fót fyrir meir en 70 árum og á þessu tímabili hefur skapast sú hefð að lána úr þeim plötur eða myndir. Í bókagerð og annarri prentvinnu hefur orðið mikil tækniþyrling á seinni árum og hefur hún valdið stóru aukinni eftirspurn eftir myndefni til birtingar, ekki aðeins í bækur, heldur einnig hvers konar auglýsingar og kynningarprent. Fyrir bragðið hefur slíkur ofvöxtur hlaupið í myndaútlán safnsins að til vandræða horfir, þar sem mannafla til að sinna myndasöfnunum hefur ekki verið aukinn síðast liðin 30 ár, nema síður sé. Safninu er orðin afar brýn þörf á að hafa á sínum vegum ljósmyndara í fullu starfi, bæði til að létta á útlánum myndasafnanna — sem af ýmsum ástæðum eru hreint neyðarúrræði — og eins til inna af hendi aðra ljósmyndavinnu í stofnuninni. Reyndar mundi einn ljósmyndari hvergi nærri anna öllum þeim verkefnum sem vinna þyrfti.

Öll þjónusta myndasafnanna hefur verið veitt að kostnaðarlausu. Í því sambandi hlýtur sú spurning að vakna hvort nokkurt vit sé í, að fyrirtæki, sem rekin eru í hagnaðarskyni og virðast vel arðbær, skuli njóta endurgjaldslaust slíkrar þjónustu sem kostuð er af almannafé. Þetta kann að sýnast því fráleitara sem safnið sjálft er í alvarlegu sveltí hvað snertir fjármuni og mannafla og verður af þeim sökum að láta sitja á hakanum brýn verkefni í eigin þágu. Margar ríkisstofnanir og embætti taka greiðslur fyrir hliðstæða þjónustu eins og mörg dæmi mætti nefna um. Safnið hlýtur því að taka þessa starfsemi sína til gagngerrar endurskoðunar á næstunni og hefur reyndar stigið fyrstu sporin í þá átt.

Í sambandi við þessi útlánamál reynir æ meira á atriði sem varða afnota- og birtingarrétt og greiðslur fyrir slík afnot. Lögfræðileg könnun á rétti safnsins í þessum efnum fer nú fram.

Um útgáfustarfsemi safnsins er ekki margt að segja. Í samvinnu við Sólarfilmu h.f. hefur safnið látið gera nokkuð af póstkortum og litskyggnum með myndum af safngripum. Einnig hefur það haft til sölu að staðaldri leiðsögubækling á ensku. Skrár sérsýninga á vegum Þjóðminjasafnsins hafa yfirleitt verið minni háttar og ekki mikið í þær lagt, hafa venjulega verið fjölritaðir bæklingar. Til undantekninga má telja sýningarskráum sílfur Sigurðar Þorsteinssonar, sem er mjög vönduð og ítarleg. Verðum við að vona að hún marki nýja stefnu í útgáfumálum safnsins.

Lengi hafa verið náin tengsl milli Fornleifafélagsins og Þjóðminja-

Framh. bls. 30

TVÖ NÝ ULFBERT SVERÐ?

Kristín Huld Sigurðardóttir

Í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1971, bls. 86-90, er grein eftir Þór Magnússon sem hann nefnir „Endurheimt fornaldarsverð“ og er þar fjallað um víkingaaldarsverð sem fannst í Hrafnkelsdal í Norður-Múlasýslu um síðustu aldamót. Sverðið komst í eigu Svía í upphafi þessarar aldar en var afhent Þjóðminjasafni Íslands til ævarandi varðveislu árið 1971. Sverðið, sem er best varðveitt íslenskra víkingaaldarsverða, er talið vera frá 10. öld og eru leifar silfur- og eirskreytingar á knappi þess og hjöltum. Á ofanverðum brandi sverðsins eru leifar svokallaðrar Ulfbert áletrunar, en hún er þekkt á fjölda sverða frá síðari hluta víkingaaldar. Í greininni segir Þór að Hrafnkelsdalssverðið sé eina Ulfbert sverðið sem fundist hafi hérlandis, en nefnir þó að röntgenmyndun allra hérlandra sverða gæti leitt annað í ljós (1).


Vorið 1979 vann ég að lokaritgerð í fornleifafræði við Lundúnaháskóla um víkingaaldarsverð sem fundist hafa hérlandis (2). Taldi ég rétt að athuga hvort röntgenmyndun sverðanna leiddi nýja vitneskju í ljós. Voru eftirfarandi sverð mynduð: Hafurbjarnarstaðir (þjms. 559), Hringisdalur (þjms. 20.11 1950), Sílastaðir kuml I og IV (þjms. 1.10 1947), Bringa (þjms. 4781), Framdalir (þjms. 4600), Baldursheimur (þjms. 2), Brennistaðir



2. „Áletrun“ Baldursheimssverðsins

(þjms. 1.8 1950), Hrafnkelsdalur (þjms. 14.9 1971), Keldur (þjms. 8844), Knafahólar (þjms. 3958), Skallakot (þjms. 29.10 1947), Óbyggðir (þjms. 12152) og Kaldárhöfði (þjms. 13535). Árangur röntgenmyndatökunnar varð sá, að áletranir komu fram á bröndum tveggja sverða til viðbótar Hrafnkelsdalssverðinu, þeirra frá Hafurbjarnarstöðum og Baldursheimi. Engar skreytingar voru sýnilegar á hjöltum eða knöppum neinna sverðanna.

Baldursheimssverðið fannst í uppblásinni dys að Baldursheimi í Mývatnssveit árið 1861. Það er mjög skemmt og vantar knapp þess alveg og hjöltu að mestu, svo ekki hefur verið hægt að greina tegund sverðsins. En sverð eru greind í tegundir og aldursgreind eftir mismunandi gerðum hjalta og knappa (3). Við röntgenmyndatökuna kom í ljós áletrun á brandinum en þar sem varla er nokkur málmur eftir í honum er áletrunin mjög óljós. Voru teknar margar myndir af sverðinu en engin þeirra varð nægilega skýr svo að gagni kæmi við ráðningu áletrunarinnar. Það sem sést á myndunum eru 6 ókennilegar lóðréttar línur, 1.2 - 2.0 sm að hæð og byrja þær um 5.2 sm neðan við hjöltun (sjá mynd 2).



1. Baldursheimssverðið (þjms)

Ljósm. Gísli Gestsson



3. Hafurbjarnarstaðasverðið

Ljósm. Gísli Gestsson

Hafurbjarnarstaðasverðið fannst í kumli 3 að Hafurbjarnarstöðum í Miðneshreppi árið 1868. Það var að heita heilt þegar það fannst en er nú skemmt. Brandurinn er í pörtum en um 31.5 sm bútur af honum er áfastur fremra hjalti. Sverðið er af S-gerð samkvæmt greiningu Jan Petersens, tegund sem er algengur fundur austanfjalls í Noregi, Þrændalögum, Svíþjóð og þeim svæðum í Austur-Evrópu sem sænsku víkingarnir fóru helst um. Sverð af S-gerð eru talin vera frá 10. öld (4). Hjöltun, sem talin eru vera smíðuð á Gotlandi, eru bein, knappurinn þrískiptur og meðalkaflinn er vafinn með einföldum og tvinnuðum silfurþræði á víxl. Var sagt að hjöltu og knappur hefðu verið silfurbúin er sverðið fannst en ekkert er nú eftir af silfurskreytingunni né kom hún fram á röntgenmyndunum (5). Aftur á móti leiddu röntgenmyndirnar í ljós áletrun og skreytingu á brandi sverðsins og tel ég þar vera um Ulfbert áletrun að ræða. Öðrum megin á brandinum er greytt skreyting en hinum megin áletrun.

Skreytingin byrjar um 5.5 sm neðan við hjöltun og myndar hún einskonar

slaufu eða þríhyrninga, lóðréttar línur og x svo sem sést á mynd 4. Eru áþekkar skreytingar á víkingaaldarsverðum frá Tékkóslóvakíu, Noregi, Eystrasaltssvæðinu og Finnlandi (6).

Áletrunin byrjar u.þ.b. 4.0 sm neðan við hjöltun og það sem sést er: + VL R+ (mynd 5). Ég gat ekkert greint af miðhluta áletrunarinnar þar sem brandurinn hafði brotnað og verið lagfærður og hefur áletrunin skemmt við það. Eftirfarandi atriði tel ég benda til þess að um Ulfbert áletrun sé að ræða á Hafurbjarnarstaðasverðinu:

1. Báðum megin áletrunarinnar eru krossar, en krossar eru ætíð öðrum eða báðum megin Ulfbert áletrana (7).



2. Stafirnir V og L eru dregnir saman í VL svo sem algengt er með Ulfbert áletranir (8).

3. Greinilegt R er á undan seinni krossinum og er pláss fyrir einn staf til viðbótar milli R-sins og krossins, trúlega T.

Er hér líklega um yngri rithátt Ulfbert áletrunar að ræða, það er án stafsins H á undan T í lok áletrunarinnar (Ulfberht/Ulfbert), og væri það í samræmi við aldursákvörðun sverðsins sem er 10. öld (9).



4. Skreyting Hafurbjarnarstaðasverðsins



5. Áletrun Hafurbjarnarstaðasverðsins


Hvað eru þá þessi Ulfbert sverð sem mér hefur verið svo tíðrætt um? Um uppruna og framleiðslustað Ulfbert sverða er ýmislegt óljóst. Elstu sverðin eru talin frá því um 800 og þau yngstu frá 12. öld (10). Þau höfðu tvær eggjar, voru léttari og úr betra járn en þau sverð sem áður voru notuð. Skreyting var greypt öðrum megin á brandinn og telja ýmsir þar vera um stimpil framleiðanda að ræða (11). Var hún gerð úr málmbútum sem greyptir voru inn í brandinn og mynduðu lóðréttar línur, krossa, hnúta- eða slaufumynstur og einstaka stafi. En hinum megin á brandinn var greypt nafnið Ulfbert/Ulfberht eða Ingelri (12). Eir- eða silfurskreyting var oft greypt í hjöltun (13).

Michael Müller-Wille gerði athugun á öllum Ulfbert sverðum sem þekkt voru 1970 (14). Niutíu og níu sverð voru þekkt á þeim tíma og höfðu þau fundist um alla Norður- og Mið-Evrópu og á Norðurlöndum öllum nema Danmörku. Langflest sverðanna fundust í Noregi eða 24. Þétt fundarsvæði var einnig í Finnlandi og Eystrasaltslöndunum en fundarstaðir voru dreifðari á öðrum svæðum (sjá mynd 6). Þar sem flest sverðanna hafa fundist í Skandinavíu mætti álykta að þau væru smíðuð þar, svo er þó ekki talið vera. Reyndar er talið líklegt að hjöltu margra Ulfbert sverðanna séu smíðuð í Skandinavíu, m.a. vegna þess að á mörgum þeirra

eru skreytingar af norænum uppruna og jafnvel ristar rúnir. Á brandana voru ekki ristar rúnir heldur voru greyptar í þá áletranir með rómverskum upphafsstöfum og skreytingar svo sem áður segir. Er því talið að þeir hafi verið gerðir á svæði þar sem rúnaletur tíðkaðist ekki. Auk þess er talið að málmurinn í bröndunum hafi verið betri en sá sem víkingarnir notuðu og að þeir hafi verið fluttir inn, trúlega frá Rínarlöndum, en þar er vitað til að sverðasmíðir hafi starfað á þessum árum (15).

Ekki er vitað hvað nafnið Ulfbert merkir. Um tíma var talið að Ulfbert væri smíður sem bjó í Rínarlöndum á s. hl. 9. aldar. En þar sem framleiðsla sverða með Ulfbert áletrunum nær yfir a.m.k. 300 ára tímabil getur einn smíður ekki hafa framleitt þau öll. Hefur því líka verið fleygt fram að hann hafi verið stofnandi fjölskyldufyrirtækis sem fékkst við sverðasmíðar (16). Enn aðrir telja nafnið tákna sérstakan gæðaflokk sverða (17). Þar sem skreytingarnar á bröndunum eru margs konar og nafnið Ulfbert er mismunandi stafsett og önnur nöfn eða jafnvel engin eru á sumum bröndunum telur Müller-Wille að brandarnir kunni að vera framleiddir á ýmsum stöðum í Mið-Evrópu og að sumir þeirra séu jafnvel eftirlíkingar (18).

Fundur nýs Ulfbert sverðs á Íslandi leysir hvorki gátuna um uppruna Ulfbert sverðanna né hvað nafnið merk-



6. Dreifing sverða með Ulfbert áletrun (Müller-Wille, bls. 71)

ir. Er það helst að hún leysist ef málmurinn í bröndunum og hjöltunum væri efnagreindur og hægt væri að rekja uppruna hans. Þar sem brandarnir voru notaðir af mörgum kynslóðum og festir við ný hjöltu eftir þörfum, væri fróðlegt að aldursgreina þá, ef komið gæti í ljós að þeir væru framleiddir á svipuðum tíma. Er það viðameira og erfiðara verk en svo, að nokkur hafi tekið það sér fyrir hendur enn sem komið er.

Að endingu vil ég þakka Ásmundi Brekkan, yfirlækni röntgendeildar Borgarspítalans, fyrir þá einstöku vinnu sem hann sýndi mér, er hann röntgenmyndaði öll sverðin fyrir mig.

1. Árbók 1971 bls. 88
2. Viking period swords in Iceland, London 1979 (fjölir.)
3. Sjá Jan Petersen: De norske Vikingesverd
4. Kuml og haugfé bls. 266
5. Kuml og haugfé bls. 266
6. Müller-Wille bls. 77 áfr. nr. 2, 25, 29
7. Müller-Wille bls. 77 áfr.
8. Müller-Wille bls. 77 áfr.
9. Kuml og haugfé bls. 266
10. Müller-Wille bls. 82
11. Müller-Wille bls. 82
12. Ellis-Davidson bls. 42 áfr.
13. Müller-Wille bls. 66
14. Eines neues Ulfberht Schwert aus Hamburg. Verbreitung, Formenkunde und Herkunft. Offa 27, 1970
15. Ellis-Davidson bls. 47, Árbók 1971, bls. 89
16. Ellis-Davidson bls. 142-3
17. Árbók 1971 bls. 90
18. Müller-Wille bls. 82

Heimildaskrá:		Magnússon, Þ 1971	Endurheimt fornaldarsverð, Árbók hins íslenska fornleifafélags 1971 , bls. 86
Eldjárn, K 1949	Kumlateigur á Hafurbjarnarstöðum. Árbók hins íslenska fornleifafélags 1943-48, bls. 108 áfr.	Müller-Wille, M 1970	Eines neues Ulfberht Schwert aus Hamburg- Verbreitung, Formenkunde und Herkunft, Offa 27 , bls. 65
Eldjárn, K 1955	Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi , Reykjavík	Petersen, J 1919	De norske Vikingesverd. Videnskapsselskapets skrifter II , bls. 1 áfr. Kristiania
Ellis-Davidson, H 1962	The sword in Anglo-Saxon England , Oxford	Sigurðardóttir, K H. 1979	Viking period swords in Iceland , London (fjölrr.)
Ewart Oakeshott, R 1960	The Archaeology of Weapons , London		

FARANDSÝNINGAR ÚTNORÐURSAFNSINS

Eins og fram kemur á öðrum stað í blaðinu er hafið samstarf safnmanna á Grænlandi, Færeyjum og Íslandi, og er það styrkt af Norræna menning-armálasjóðnum.

Allt bendir til þess að samstarf þetta getir orðið mikill og þarfur hvati á alla umræðu um safnamál innan þessara landa.

Fundur Útnorðursafnsins, eins og það kallast á íslensku, var haldinn hér í Reykjavík dagana 6.-11. sept., og var umræðuefnið tengsl safnanna út á við.

Fundinn sóttu um 40 safnamenn, þar af 3 frá Grænlandi og 14 frá Færeyjum. Verða fundinum e.t.v. gerð betri skil hér síðar.

Hins vegar er ætlunin að vekja nú athygli á öðrum þætti þessa samstarfs, en það eru farandsýningar sem í ráði er að senda milli landanna. Hvert land skal sjá um að framleiða eina sýningu á ári í þrjú ár.

Við höfum þegar fengið fyrstu sýninguna frá Færeyjum, um færeyska bátinn, og mun hún standa í anddyri Þjóðminjasafnsins til nóvemberloka, en þá hefur hún hringferð um landið.

Sýningin samanstendur af mörgum ljósmyndum sem festar eru á sérstaka sýningarskerma, sem standa á miðju gólfi, og koma má fyrir t.d. á göngum eða í stórum herbergjum. Mjög einfalt og fljótlegt er að setja sýninguna upp og pakka henni niður.

Eini kostnaður viðkomandi safna við sýninguna er að koma henni áfram til næsta viðtökustaðar og aðstoða þar við uppsetninguna.

Allmörg söfn hafa þegar sýnt áhuga sinn á að taka við þessari sýningu, en hugmyndin er að hún geti verið 1-2 sýningarhelgar á hverjum stað.

Ef fleiri félagasamtök eða söfn hefðu áhuga á að fá sýningar Útnorðursafnsins til sín, geta þau haft samband við Guðmund Ólafsson safnvörð á Þjóðminjasafni Íslands, s. 13264 og fengið frekari upplýsingar.

LIFANDI SÖFN EÐA DAUÐAR GEYMSLUR?

Guðmundur Ólafsson

„Hvað gerið þið eiginlega, þegar safnið er lokað?“ Þessi spurning, sem allir safnmenn kannast vafalaust vel við, minnir okkur jafnan óþyrmilega á þá staðreynd, að fólk virðist almennt ekki hafa neina hugmynd um hið fjölbreytta menningarhlutverk safna.

Það er nefnilega furðu lífseigur misskilningur, að söfn séu eingöngu geymslur gamalla muna. En kannski er það ekki nema von, að fólk haldi þetta, vegna þess ófremdarástands í safnamálum sem nú ríkir í landinu, sem á rót sína að rekja til áralangs fjársveltis.

Fólk gerir t.d. miklar kröfur til Þjóðminjasafnsins, og verkefni þess eru miklu fleiri og fjölbættari en margur hyggur. En vegna vilja- og áhugaleysis ótaldra ríkisstjórna um málefni safna og minjaverndunar, hefur starfsemi Þjóðminjasafnsins verið haldið niðri, svo að hneisa er að, og safninu gert ókleift að sinna nema litlu broti af þeim verkefnum sem því ber skylda til samkvæmt lögum. Mig langar til að koma inn á einn þessara þátta safnstarfsins, sem mér finnst stórlega vanræktur, og það er sjálf söfnunin.

Að mínu mati er það ein af frumskyldum minjasafna, að safna munum og minjum sem eru dæmigerðar fyrir samfélagið á hverjum tíma, og varðveita þær. Það er svo hlutverk safnvarða og annarra fræðimanna að vinna úr þeim upplýsingum, sem á

safnið berast, og koma þeim fróðleik fyrir almenningssjónir.

Þó að engin könnun hafi verið gerð á því sviði, tel ég líklegt, að flest okkar minjasöfn eigi sér svipaða söfnunarsögu að baki. Sem sé, að í upphafi safna frumkvöðlarnir af miklum eldmóði því, sem svo verður meginuppistaða safnanna. Smám saman dregur úr söfnunarstarfsemiinni þar til hún leggst niður að mestu. Upp frá því er það oft tilviljunum háð hvaða muni söfnin eignast.

Nú veit ég vel að þessi mynd á ekki við öll söfn, og þekki raunar sjálfur ágætari undantekningar, en þó er ég hræddur um að hún eigi of víða við. Eina orsök (á eftir fjárskorti og manneklu) tel ég vera þá, að þegar menn hófu að safna saman munum til að varðveita, þá beindist athygli þeirra að sjálfsögðu fyrst og fremst að forn-gripum og munum hins gamla bændasamfélags, sem þá voru óðum að hverfa. En síðan virðist nær öll söfnun hafa haldið áfram að beinast að þessu sama tímabili. Þegar þessir gömlu munir voru ekki lengur fáanlegir, hefur söfnun oft verið hætt, því að einhvern veginn hefur mönnum aldrei þótt hlutir úr eigin samtíð nógu merkilegir til að eiga heima á safni. Þetta hefur m.a. valdið því, að lítið hefur verið gert í því að safna hlutum frá síðustu áratugum, og verður vart annað séð, en að stórar eyður verði í söfnum landsins um þetta tímabil okkar, tuttugustu öldina, þegar fram í sækir, ef ekki verður hér fljótlega stefnubreyting á.

Nú er vitanlega öllum fullljóst að nútímapjóðfélag er svo yfirfullt af hvers kyns dóti, að aldrei verður hægt



Á þetta að verða endastöð menningararfleiðar nútímans?

Ljós. Emil Þór Sigurðsson

að safna eintaki af hverjum hlut sem í notkun er. Enda er ekki verið að mælast til þess hér. En það ætti að vera hægt að setja sér skynsamleg mörk og markmið, sem reynt væri að stefna að.

Nú yrði þetta ákaflega umfangsmikið verk, og það er ekki á færi neins eins safns í landinu að stunda alhliða söfnun sem gæti gefið viðunandi mynd af öllum þáttum samfélagsins. Til að slíkt megi takast þarf samvinnu milli margra safna, og ég held að slík samvinna sé orðin brýn nauðsyn. Fulltrúar minjasafnanna þurfa að koma saman, marka sér stefnu í söfnunarmálum og koma sér saman um einhverskonar verkaskiptingu, þar sem hvert safn hefði afmarkað sérsvið sem það sinnti sérstaklega og leitaðist við að gefa sem fyllsta mynd af. Söfnin legðu þá höfuðáherslu á að

safna saman upplýsingum, ljósmyndum og munum um það sem varðaði sérsvið þeirra.

Jafnframt þessu tækju þau auðvitað á móti öðrum munum eftir sem áður, eins þó að þeir falli ekki undir sérsvið viðkomandi safns. Í umræðum um þetta mál hefur oft borið á þeim misskilningi, að einstök söfn yrðu að láta af hendi muni úr sinni eigu, sem féllu undir sérsvið annarra safna, ef svona skipulag yrði tekið upp. Það er vitaskuld ekki rétt og fráleitt að hugsa sér slíkt. Hins vegar væri með þessari skipulagningu stuðlað að meiri fjölbreytni safnanna og þau myndu þjóna hlutverki sínu margfalt betur en nú er.

En áður en söfnun hæfist þyrftu söfnin að koma sér saman um flokkunar- og skráningarkerfi fyrir allt landið.

Nú segja kannski einhverjir: „Þetta verður aldrei hægt.“ Geymslur safnanna eru fullar nú þegar. Hvar á að geyma alla þá muni sem myndu streyma inn ef byrjað væri að safna af kappi?

Því er til að svara: Ef við ætlum að láta núverandi geymslurými safnanna setja okkur skorður og nota það sem afsökun fyrir því að ekki sé hægt að safna meiru, já eða þurfi ekki að safna meiru, þá getum við að sjálf-sögðu unað glöð við okkar hlut, áhyggjulaus um framtíðina. En ég vona að þeir séu hverfandi fáir sem hugsa þannig í dag. Það verður auðvitað að berjast fyrir meira geymslurými og fleiri safnvarðastöðum við minjasöfnin.

Ef fjárveitingar fengjust ekki fyrir leigu eða kaupum á geymslum, væri jafnvel hægt að hugsa sér að taka sýningarsalina undir geymslur, þangað til úr rættist. Þannig gætu söfnin e.t.v. skapað örlítinn þrýsting á þá ráðamenn, sem annars taka lítið eða ekkert mark á rökum eða högværum beiðnum safnmanna.

Á sviði söfnunar, eins og á flestum sviðum minjavörslu, hafa verkefnið hrannast svo upp, að það er nánast sama hvert lítið er, allsstaðar eru stórar eyður, sem þarf að fylla í. Og víst er, að litlu verður bætt í eyðurnar, ef söfnin ætla að láta sér nægja það sem þeim berst upp í hendurnar fyrir tilviljun, í stað þess að hafa sjálf frumkvæði og stjórn á söfnuninni.


Til þess að ná góðum árangri í söfnun muna, verðum við að hafa almenning á okkar bandi og kynna vel þau sjónarmið sem liggja að baki söfnuninni. Einnig þyrfti að auka skilning á menningarverðmætum

okkar tíma, því að allir vita að á hverjum degi er verið að eyðileggja eða henda hlutum sem í raun réttu ættu að fara inn á söfn til varðveislu. Oft kannski vegna þekkingarleysis og hugsunarleysis. Menn halda að söfnin hafi ekki áhuga á „þeirra dóti,“ því að „það er ekki nógu gamalt,“ eða „það er ekki nógu fínt.“ Þetta eru svör, sem oft heyrast, og þessari afstöðu verðum við að breyta.

En tíminn vinnur allsstaðar gegn okkur og við missum því meira út úr höndunum á okkur, því lengur sem við erum að taka við okkur. T.d. má nefna, að nú er fyrirhugað að reisa stálbræðslu hér á landi. Það er ekki erfitt að ímynda sér hvað verða muni um margar gamlar vélar og tæki, sem nú er enn hægt að ná í. Svipaða sögu er sjálfsagt hægt að segja um ýmsa aðra hluti.

Fróðlegt væri því að heyra afstöðu annarra safnmanna til þessarar mála, og hvort þeir telji ekki tímabært að reyna að gera átak í söfnunarmálum, eða hvort þeir séu ánægðir með ástandið eins og það er nú. Einnig væri gaman að heyra frá minjasöfnunum sem hefðu áhuga á að taka þátt í hugsanlegri söfnunarherferð.

Látum ekki sannast að söfnin séu dauðar geymslur, heldur lifandi stofnanir.



ÞJÓÐFRÆÐASÖFNUN STÚDENTA SUMARIÐ 1976

Frosti Jóhannsson og
Hallgerður Gísladóttir

1. Inngangur.

Sumarið 1976 stóðu nokkrir stúdentar í sagnfræði og íslensku við Háskóla Íslands fyrir söfnun þjóðfræðilegra upplýsinga um allt land. Söfnunin afmarkaðist við margvíslega starfshætti tengda sauðfjárbúskap sumarsins og var aðaláhersla lögð á fráfærur, sem lögðust víðast hvar af hér á landi á fyrstu tugum þessarar aldar.

Í þessu greinarkorni er ætlunin að skýra frá undirbúningi og framkvæmd þessarar söfnunar ásamt skráningu og úrvinnslu efnisins sem safnaðist. Einnig verður reynt að draga ályktanir af þeirri reynslu sem fékkst. Það rúm, sem greininni er

skammtað, leyfir þó ekki ýtarlega umfjöllun.

Verkaskipting greinarhöfunda er á þann veg, að Frosti hefur tekið saman fyrstu tvo kaflana, Hallgerður þann þriðja og báðir höfundar bera ábyrgð á fjórða kafla.

2. Undirbúningur og framkvæmd.

Haustið 1975 vaknaði áhugi meðal nokkurra nema í sagnfræði og íslensku við Háskóla Íslands á að gera átak í söfnun munnlegra heimilda um horfna starfshætti hérlendis. Það sem lá að baki þessum áhuga, var sú fullvissa stúdenta, að síðustu forvöð væru að afla heimilda, sem ekki væri að finna annars staðar en í hugskoti eldra fólks. Hér væri um að ræða fróðleik, sem gæti veitt uppvaxandi kynslóð margvíslega vitneskju um lifnaðarhætti forfeðranna og aukið skilning á ýmsum menningar- og samfélagslegum fyrirbrigðum í samféðinni.

Væntanlegir safnarnar í heimsókn hjá Þórði Tómassyni á Skógum. Ljós. Árni Árnasson.



Velflestir þessara stúdenta voru þátttakendur í þjóðháttufræðinámskeiði við sagnfræðideild Háskólans, sem Árni Björnsson, forstöðumaður þjóðháttadeildar Þjóðminjasafnsins, hafði umsjón með.

Aðstandendur söfnunarinnar ákváðu að safna nákvæmum upplýsingum um tvö vel afmörkuð efni í öllum sýslum landsins. Stefnt var að því að vinna sameiginlega úr fengnum heimildum að söfnun lokinni. Fyrir valinu varð framangreint aðalverkefni og auk þess vatns- og vindmyllur. Einkum voru þrjár forsendur fyrir því, að staðið skyldi að söfnuninni með ofangreindum hætti.

Í fyrsta lagi var söfnunin hugsuð sem upphaf á skipulegri upplýsingasöfnun um þjóðhætti, ef vel tækist til, og yrði tekið fyrir mjög afmarkað svið í hvert skipti.

Í öðru lagi voru aðstandendur reynslulitlir stúdentar með takmarkaða þekkingu í þjóðfræði og engan veginn víst að þeir fengjust til frekari söfnunar, þótt nægilegt fé yrði fyrir hendi. Þess vegna var lögð áhersla á að hafa verkefnið nógu vel afmarkað, til að hægt væri að gera því skil á einu sumri.

Í þriðja lagi var ætlunin að standa straum af kostnaði við söfnun og úrvinnslu með fjárframlögum víðs vegar að, einkum frá sýslu- og sveitarfélögum. Mikilvægt var því, að geta sýnt fram á árangur, ef haldið yrði áfram á sömu braut.

Undirbúningur söfnunarinnar hófst í febrúar 1976 og stóð fram í miðjan júní sama ár. Frosti Jóhannsson

þjóðfræðinemi og Árni Björnsson höfðu yfirumsjón með honum í samráði við stúdentana. Hann fólst einkum í skipulagsstarfi, fjármögnun og fræðilegri forvinnu.

Landinu var skipt í 10 söfnunarsvæði og fóru tveir safnarar saman um hvert þeirra. Í tengslum við Reiknistofnun Háskólans unnu nokkrir viðskiptafræðinemar tölvuskrá upp úr þjóðskránni yfir allt fólk 67 ára og eldra. Hún var þannig uppbyggð, að af henni mátti m.a. sjá í hvaða sveitarfélagi fólk var fætt og hvar það var búsett árið 1976. Þessa skrá höfðu stúdentar meðferðis og var að henni mikið hagræði við val á heimildarmönnum. Á hverju svæði voru fengnir sérstakir trúnaðarmenn úr hópi heimamanna til að sjá um fjárreiður og vera starfsmönnum söfnunarinnar til halds og trausts að öðru leyti.

Rúmlega tuttugu einstaklingar tóku þátt í söfnuninni og var u.þ.b. helmingur þeirra nemar í sagnfræði og íslensku. Þá voru einnig í hópnum þjóðfræði- og þjóðfélagsfræðinemar, kennaranemar og nýstúdentar.

Fjármögnun fór fram með þeim hætti, að skrifuð voru bréf til allra sýslu- og sveitarfélaga á landinu, ýmissa stofnana, sjóða og fyrirtækja og þau beðin um fjárstuðning. Með þessu móti söfnuðust 9 milljónir gamalla króna. Þessir peningar nægðu til að kosta undirbúninginn, framkvæmd söfnunarinnar og til að greiða einum starfsmanni laun til jóla 1976.

Fræðilegur undirbúningur fór fram með þeim hætti, að safnað var rituð-



Þrjár systur, ættaðar úr Svarfaðardal, sem viðtal var haft við um fráfærur.
Ljós. Vilborg Harðardóttir.

um upplýsingum um verkefnið, sem allir safnendur kynntu sér. Þá var lögð áhersla á, að þeir sem að söfnuninni unnu, kynnu í aðalatriðum skil á þeim störfum sem fram fóru í sveitum nálægt síðustu aldamótum. Í því skyni voru m.a. sýndar þær kvikmyndir um horfna starfshætti, sem völ var á. Samdar voru spurningaskrár í samvinnu við Þórð Tómasson safnvörð í Skógum og Árna Björnsson, sem notaðar voru við öflun upplýsinga. Einnig voru ýmsir fræðimenn í þjóðfræði fengnir til að flytja fræðsluerindi. Þá var leiðbeint um viðtalstækni, uppmælingar og ljósmyndun. M.a. voru allir þjálfaðir í að taka viðtöl og mæla upp rústir áður en söfnun hófst. En í hverri sýslu átti að mæla upp og teikna a.m.k. einn stekk og einar kvíar, sem að mati safnara væru ein-kennandi fyrir viðkomandi sýslu.

Starfsmenn söfnunarinnar útveguðu sér sjálfir farkost og myndavélar. Annar tækjabúnaður og gögn voru útveguð og greidd af söfnunarfé. Öllum var greitt jafnhátt kaup, 85.000 krónur á mánuði og auk þess kílómetragjald fyrir bifreiðanotkun. Fæði og húsnæði var frítt. Það var ýmist beint framlag stuðningsmanna söfnunarinnar út á landsbyggðinni eða greitt af styrktarfé.

Sjálf söfnunin hófst um miðjan júní og lauk um mánaðarmótin ágúst september. Hún fór að mestu leyti fram eins og ráð var fyrir gert. Þó gerði það talsvert strik í reikninginn, að sá tími sem áætlaður var til söfnunar reyndist í knappara lagi. Komust því margir í tímahrak og gátu m.a. ekki lokið við uppskriftir af snældum. En miðað var við, að jafnóðum væri

skráð af þeim og textinn borinn undir heimildarmenn, áður en endanlega væri gengið frá honum. Einnig kom tímaskorturinn niður á aukaverkefningu og nákvæmni vinnubragða almennt.

Í lok sumarsins var söfnunarféð á þrotum og ekki reyndist unnt að afla þess fjár, sem þurfti til sameiginlegrar úrvinnslu, eins og að var stefnt. Þá hafði það sitt að segja, að flestir voru orðnir langþreyttir eftir sumarið, einkum vegna vinnuálags og eðlis safnarastarfsins. Af þessu leiddi, að aðeins einn starfsmanna söfnunarinnar, Sólveig Georgsdóttir þjóðfræðinemi, hófst handa við úrvinnslu þess efnis sem safnaðist.

Eins og að framan greinir var auka- verkefni stúdenta að safna heimildum um vatns- og vindmyllur. Var það einnig gert eftir sérstakri spurningaskrá og útbreiðsla þeirra kortlögð. Þetta verk var unnið eftir því sem tími vannst til, samhliða annarri upplýsingaöflun.

Þá höfðu safnarar meðferðis tvær spurningaskrár, annars vegar um mjólkurvinnslu og hins vegar um sauðfjárhirðingu á vetrum. Þessum skráum var dreift til heimildarmanna þjóðháttadeildar um allt land og einnig til annarra, sem ekki höfðu áður gegnt því hlutverki.

Að síðustu var starfsmönnum söfnunarinnar uppálagt að skrá niður gamla muni og myndir, sem þeir kynnu að rekast á. Fengu þeir til þess sérstök eyðublöð.

3. Skráning og úrvinnsla.

Þegar söfnun lauk um haustið fékk Sólveig Georgsdóttir starfsaðstöðu í Þjóðminjasafni Íslands. Hún tók við því efni, sem safnararnir skiluðu af sér, og sá um að senda skýrslur um sumarstarfið til fjárveitenda. Sólveig, Árni Björnsson og Frosti Jóhannsson mótuðu síðan meginstefnu um úrvinnsluna. Söfnunarféð þraut fyrir jól og Sólveig fór til Svíþjóðar um sama leyti. Var þá afrakstur söfnunarinnar afhentur Þjóðminjasafni til eignar og ákvörðunar um frekari úrvinnslu.

Næsta vor var Sólveig ráðin til að halda verkinu áfram. Um mitt sumar var hún aftur á förum og var þá Hallgerður Gísladóttir sagnfræðinemi fengin til starfsins. Hefur hún unnið á vegum safnsins öðru hvoru síðan, bæði við úrvinnsluna og önnur störf. Einnig lögðu hönd á plóginn um tíma Ásmundur Sverrir Pálsson og Steingrímur Þórðarson íslensku- og sagnfræðinemar.

Þau mistök voru gerð í upphafi, að ekki var gert ráð fyrir, að skráning og rækilegt yfirlit um allt innkomið efni þyrfti að liggja til grundvallar efnislegri úrvinnslu. Þetta hefur valdið margvíslegum erfiðleikum, t.d. voru að koma til skila heimildir úr söfnuninni allt fram til ársins 1980. Þá kom einnig smám saman í ljós, að talsvert af efni var óskráð af snældum, en ekki hafði verið gert ráð fyrir því, þegar úrvinnslan var skipulögð. Þegar á leið, var því hafin nákvæm skrásetning ásamt skráningu af snældum, samhliða úrvinnslu. Ekki var að fullnustu lokið við þetta verk fyrr en sumarið 1980.



Stekkur norðaustur af bænum Hækingsdal í Kjós. Hætt var að nota hann fyrir aldamót. Ljós. Sigríður Sigurðardóttir.

Árangur skráningar og úrvinnslu er sem hér segir:

1) **Heimildaskrá** í landfræðilegri röð, sem skiptist í:

a) Skrá um ritaðar heimildir, 356 númer. Heildarmagn ritaðra heimilda er um 3500 vélritaðar síður. Þar af eru um 2400 síður uppskriftir af snældum.

b) Skrá um uppdrætti sem fylgja viðtölum. Heildarfjöldi þeirra er 52. Þessir uppdrættir eru oftast gerðir af heimildarmönnum eða samkvæmt lýsingu þeirra. Flestir sýna afstöðu mannvirkja á þeim jörðum og því tímabili, sem frásögn miðast við. Þarna eru einnig teikningar af horfnum mannvirkjum og áhöldum.

c) Snælduskrá, 160 númer. Þar er yfirlit um allar þær snældur, sem

skilað var inn að söfnun lokinni. Það eru 357, 60 mínútna langar snældur, sem að vísu eru ekki allar fullátekna.

d) Uppdrættir óháðir viðtölum, 31 að tölu. Hér er að finna teikningar af þeim rústum sem safnara mældu upp, ásamt lauslegri uppdráttum af rústum, sem ekki fylgja ákveðnum viðtölum. Aðallega er um stekki og kvíar að ræða, en einnig myllu- og seljarústir.

e) Myllukort, 92 uppdrættir, sem sýna útbreiðslu vatns- og vindmylla. Viðast er einn hreppur á hverju korti.

2) **Heimildarmannaspjaldskrá** í stafrófsröð með tilvísunum í skrár. Þar eru nöfn allra þeirra heimildarmanna, 457 að tölu, sem vitnað er til í safninu.

3) **Ritgerðir.** Gerðar hafa verið samantektir um þau atriði, sem leitað var svara við í spurningaskrá, á níu afmörkuðum svæðum á landinu. Þessar ritgerðir eru 40-100 vélritaðar síður hver og eru allar, nema ein sem er fullgerð, í fyrsta vélriti, þ.e. það á eftir að fara yfir þær í síðasta skipti og bera saman tilvitnanir.

Auk þess hefur Jóhann Stefánsson skrifað BA ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands um fráfærur í Borgarfjarðar- og Mýrarsýslu og Sólveig Georgsdóttir skrifaði námsritgerð við Þjóðfræðideild Stokkhólmsháskóla um fráfærur í Húnavatnssýslum. Í báðum þessum ritgerðum var að langmestu leyti stuðst við heimildir sem söfnuðust sumarið 1976

Allflestir safnararnir tóku myndir af heimildarmönnum, munum, rústum og öðru, er þeir töldu að gildi hefði fyrir söfnunina. Mjög var misjafnt hversu vel og skipulega skráðu þessu efni var skilað. Hefur því, sem hægt var að henda reiður á, verið raðar niður - filmum, „kontaktkópium“ og skrám saman, en nokkuð er eftir af myndum, sem bíða þess að á þær verði borin kennsl. Dálítið var skráð af gömlum munum og ljósmyndum og hafa þau gögn verið fengin Halldóri Jónssyni safnverði til varðveislu.

158 svör bárust Þjóháttadeild við spurningalistunum, sem safnararnir dreifðu. Talsverður hluti af þeim, sem svöruðu, var fólk, sem deildin hafði ekki komist í samband við áður.

Upptökutæki, snældur, mælinga-áhöld, möppur, filmur og annað sem

keypt var á vegum söfnunaraðila og lá eftir um haustið, hefur Þjóðminjasafnið fengið til afnota.

Að framansögðu má ljóst vera, að magn þeirra upplýsinga sem söfnuðust er umtalsvert. Hvað gæði varðar eru þessi gögn misjöfn, og má að einhverju leyti rekja það til ýmissa agnúa á framkvæmd söfnunarinnar, sem nefndir verða hér á eftir. Þær heimildir sem söfnuðust um myllur eru til dæmis fremur sundurlausar, þar sem aðalverkefnið var oftast látið ganga fyrir. En allar þessar upplýsingar eru nú vel aðgengilegar þeim sem vilja nota þær. Víst má telja, að þegar að því kemur að samið verði rit um verkmenningu gamla íslenska bændasamfélagsins, muni þær koma að góðu gagni. Þá má einnig benda á, að þarna er að finna mikinn fróðleik og gott samanburðarefni um íslenskt málfar, orð og orðatiltæki, þar sem varðveitt eru viðtöl á snældum úr langflestum hreppum landsins.

Að lokum er rétt að vekja athygli á því, að umræddar snældur eru komnar í hættu fyrir aldurs sakir. Verði ekki unnin bráður bugur að því að koma innihaldi þeirra á geymslubönd má búast við, að dýrmætur fróðleikur um lífshætti og málfar aldamótakynslóðarinnar fari forgörðum.

4. Ályktanir.

Eins og sjá má, tókst stúdentunum ekki sem skyldi að ná settum markmiðum. Orsakanna er fyrst og fremst að leita í því, hvernig að söfnuninni var staðið, sem síðan má að vissu marki rekja til þessarar aðstöðu, sem þjóðfræðirannsóknunum er búin hér á landi.

Fjáröflunarleiðin var bæði tímafrek og óörugg, enda fengust ekki peningar til að vinna úr efninu að söfnuninni lokinni, eins og stefnt var að. Hún hafði auk þess slæm áhrif á skipulag og fræðilegan undirbúning, t.d. vegna þess að fjármagnið varð að nota í þeim héröðum, sem það safnaðist.

Verkefnin voru of umfangsmikil miðað við aðstæður. Skynsamlegast hefði verið að miða söfnunina eingöngu við upplýsingaöflun um sauðfjárbúskapinn og stefna að skráningu efnisins um haustið, en ekki leggja kapp á að vinna úr því strax. Þá hefði úrvinnslan orðið markvissari.

Þá voru allir, sem unnu að söfnuninni, reynslulitlir stúdentar með misjafna þekkingu á þjóðfræði. Öllu verra var þó, að enginn hafði yfirumsjón með verkinu allan tímann, þ.e. með undirbúningi, skráningu og úrvinnslu. Stúdentarnir áttu ekki kost á þeirri fræðilegu aðstoð, sem þeir hefðu þurft. Ekki var heldur lögð nægileg vinna í heimildasöfnun og aðferðafræðilegan undirbúning, áður en lagt var af stað. Hefði verið unnt að sinna þessum atriðum betur, má búast við að árangurinn hefði orðið mun meiri, einkum nákvæmari og traustari heimildir.

Hins vegar ætti að vera augljóst mál, að meðan fjárveitingar til þjóðfræðirannsókna eru jafn naumar og raunber vitni, er ekki hægt að bjóða upp á þá fræðilegu forsjá, sem þarna hefði þurft. Úr slíkum jarðvegi spretta ekki reyndir þjóðfræðingar, sem fyrirvaralítið geta tekist sómasamlega á við verkefni af þessu tagi. Núverandi

starfslið þjóðháttadeildar Þjóðminjasafns og þjóðfræðideildar Árnastofnunar er aðeins tveir fastir starfsmenn, sem tæpast anna meiru en daglegu kvabbi til deildanna. Að óbreyttu ástandi er því varla hægt að búast við markvissum rannsóknum á þeim bæjum, hvað þá að unnt sé að tengja stúdenta, sem leggja stund á þjóðfræði hérlandis og erlendis, verkefnum á vegum deildanna. Um raunverulegt átak verður ekki að ræða á þessu sviði, fyrr en fjársveltinu hefur verið aflétt og komið á fót fullkominni kennslu í þjóðfræði á háskólastigi í tengslum við þær rannsóknarstofnanir sem fyrir eru.

Sú fjáröflunarleið, sem stúdentar fóru, er tvímælalaust engin lausn. En eitt hefur hún sýnt okkur. Meðal almennings í landinu ríkir skilningur á nauðsyn rannsókna af þessu tagi og vilji til að leggja í þær peninga. Því væri eðlilegast, að Alþingi veitti sérstaklega fé til þessarar starfsemi.

Það ætti ekki að koma neinum á óvart eftir þennan lestur, þó að vandkvæði hafi komið upp við úrvinnslu þeirra heimilda, sem söfnuðust sumarið 1976. En ef við skoðum árangurinn í ljósi aðstæðna, mega víst flestir una vel við sitt. Hins vegar ætti það ekki að þurfa að þekkjast, að ráðist sé í umfangsmikil þjóðfræðiverkefni, án þess að þau séu vandlega undirbúin af sérfræðingum og unnin undir stjórn þeirra.

FUNDUR SAFNA Í ÚTNORÐRI Í ÞÓRSHÖFN 1980 - NORDATLANTMUSEET

Nanna Hermannsson

„Scoresbysund har hverken telegraf eller telefon men planer om at oprette et museum.“ (Claus Andreassen 29.10 '81)

Það segir sitthvað um þýðingu safna, þegar þjóð, sem berst fyrir sjálfstæði sínu og er að reyna að styrkja sjálfvitund þegna sinna, leggur svo mikla áherslu á að koma á fót minjasöfnunum. Þegar þjóðfélagið allt hefur breyst á tíma einnar kynslóðar virðast söfnin hafa skýrt og ótvírætt hlutverk, að fræða þá yngstu um líf þeirrar kynslóðar sem er að hverfa. Það var mikil uppörvun að heyra minjavörðinn frá Kalaallit Nunaata Katersugaasivia — Grönlands Landsmuseum — segja frá og eins hvetjandi að fræðast um störf Föroya Fornminnissavns, sem er þjóðminjasafn þeirra Færeyinga. Það safn stóð fyrir kynningarfundir safna í útnorðri og voru þátttakendur, auk Færeyinga, frá Þjóðminjasafni Grænlandinga í Nuuk og Árbæjar-safni og Þjóðminjasafni Íslands. Fundurinn var haldinn í Þórshöfn dagana 25. okt. til 1. nóv. 1980 og voru við ellefu Íslendingar, einn frá Grænlandi auk tuttugu og þriggja heimamanna. Hugmyndin að þessu samstarfi hafði verið rædd í Þórshöfn ári fyrr og hafði tekist að fá styrk úr Norræna menningarmálasjóðnum til fundarins. Öllum starfsmönnum þessara stofnana var boðin þátttaka og var það einungis kleyft vegna þess, að starfsmenn Fornminnissavnsins buðu okkur að gista heima

hjá sér. Gestrisni þeirra gaf fundinum sérstakan blæ sem seint gleymist, rétt eins og „skýmingarsetan“ í Sandagjerði. Einnig tók Föroya landsstýri vel á móti okkur.

Fyrsta daginn sáum við sýningar Fornminnissavnsins, en héldum síðan út á Þinganes þar sem við skoðuðum byggðina. Sum húsanna eru frá 17. öld og nokkur jafnvel enn eldri. Þar er unnið að varðveislu samkvæmt sérstöku verndunarskipulagi. Sem dæmi um viðleitni bæjaryfirvalda má nefna að bærinn hefur keypt íbúðarhús úr steinsteypu, einungis til að rífa það.

Við skoðuðum einnig Hoyvík, sem er gamall bóndabær með flestum einkennum færeyskrar byggðar. Nú er ráðgert að Fornminnissavnið flytji þangað innan tíðar. Fer það vel því þar er náttúrufegurð mikil og gott rými fyrir safnið. Auðvitað heimsóttum við Kirkjubæ og dádumst þar að byggingum frá miðöldum.

Safnverðir á Fornminnissavninu kynntu okkur menningarsögu eyjanna. Áberandi er, hve margt er ólíkt með frændum, þróun byggðar og bygginga allt önnur en hjá okkur. Þess urðum við svo áskynja í dagsferð um Straumey og Austurey; í Blásastovu, sem er ágætt byggðasafn í Norðragötu; í Elduvík þar sem gamla þorpsmyndin er lítið breytt; í Duvugörðum, fornlegum bæ í Saksun og í Kvívík þar sem sjást langhúsatóttir frá víkingaöld. Blautt var í lofti, fossarnir freyddu niður fjallshlíðarnar og litirnir í landslaginu voru mildir.

Síðan fylgdi þriggja daga fundarseta og var byrjað á því að segja frá



Fundarmenn á Þinganesi.

rannsóknnum á sviði þjóðhátta- og fornleifafræði í hverju landi. Athyglisvert er hve mikið hefur verið unnið af þjóðhátta- og fornleifafræðinum í Færeyjum. Rætt var um verndun fornminja, bygginga og muna og þá komið inn á marga sameiginlega erfiðleika. Á Fornminnissavninu starfar nú þegar lærður forvörður (konservator) en slíkra manna biður mikið starf hér heima.

Það efni sem vakti mesta umræðu var sýningar- og fræðslustarf safnanna. Þar er mörgu ábótavant en einnig margar nýjar hugmyndir og lífandi áhugi. Ákveðið var að halda þeim umræðum áfram og verður það viðfangsefni næsta fundar sem haldið verður í Reykjavík dagana 5. til 11. sept. 1981. Í lokin var rætt um áframhaldandi samstarf safnanna og um farandsýningar, en um þær hafði áður verið rætt á fundi á Grænlandi

vorið 1981. Norræni menningarmála- og sjóðurinn hefur veitt styrk til þess verkefnis til næstu þriggja ára og þannig hefur samvinna þessara safna í útnorðri fengið fastara form. Samstarfið hefur hlotið nafnið Nordatlantímuseet, sem er hliðstætt Nordkalottímuseet, en það byggir líka á samvinnu safna í þrem löndum.

Í útnorðri eru Íslendingar stærsta þjóðin, fimm sinnum fleiri íbúar en í Færeyjum eða á Grænlandi. Föroya Fornminnissavn hefur jafn stóra fjárveitingu og Þjóðminjasafn Íslands og nýtt húsnæði í bígerð. Á Grænlandi viðist vera almennur skilningur á gildi safna og þjóta þau upp þar. Af hverju eru söfnin okkar ekki talin með í menningunni?

Nægði það að fá handritin heim? Skyldi það vera að einmitt við gætum lært eitthvað í Scoresbysund?

UM TILVITNANAKERFI

Elsa E. Guðjónsson

Fyrir allmörgum árum ræddi ég við starfsfélaga minn um meðferð heimilda í hugvísindalegum fræðigreinum, og kom mér þá í hug að setja nokkra punkta á blað um það efni. Ekki varð þó úr að svo yrði, hvorki þá né síðan, þótt stundum hafi það hvarflað að mér, fyrr en nú er tilefni gafst til að hugleiða þessi mál á ný.

Að undanfönu hef ég gluggað svolítið í tvö rit er fjalla um samningu og frágang fræðilegra ritgerða. Er annað eftir Ásgeir S. Björnsson og Indriða Gíslason og nefnist **Um rannsóknarritgerðir**. Er það þriðja rit í röðinni: **Smárit Kennaraháskóla Íslands og lóunnar**, gefið út í Reykjavík 1979. Hitt ritið, öllu heldur ritlingur, er **Íslenskt mál og almenn málfræði. Leiðbeiningar um frágang handrita**, gefið út af Íslenska málfræðifélaginu, Reykjavík; er þar hvorki getið um útgáfuár né höfund (höfunda). Vissulega er þörf á að leiðbeina höfundum — og þá ekki hvað síst verðandi höfundum — fræðiritgerða um tæknihliðar ritsmíða, og flest gott er um ofangreind rit að segja. Þó þykir mér þau full einstrengisleg hvað varðar leiðbeiningar um auðkenningu og framsetningu á tilvitnunum, sem í báðum þessum ritum er skipt í tvo aðgreinda og ólíka flokka, annars vegar tilvísanir og hins vegar neðanmálsgreinar. Í því sem hér fer á eftir langar mig til að ræða ögn um þetta þrennt: tilvitnanir, tilvísanir og neðanmálsgreinar — og ef til vill sitt hvað fleira í því sambandi.

Í báðum fyrrnefndum ritum er gerður sami greinarmunur á tilvísunum og neðanmálsgreinum. Er orðið tilvísun einskorðað að mér skilst við tilvitnanir í heimildir, þ.e. í ákveðin rit annarra höfunda og væntanlega þá einnig í upplýsingar sem kunna að hafa fengist munnlega eða bréflega, þótt ekki væri þess getið sérstaklega það séð varð. Orðið neðanmálsgrein er hins vegar að sjá einvörðungu haft um athugasgreinar sem höfundur telur ástæðu til að birta til frekari skýringar án þess þó að efni þeirra falli að aðaltexta ritverksins. Samkvæmt báðum ritum eru tilvísanir settar í sviga í meginmáli og vísað í neðanmálsgreinar með tölumerkingu, einnig í meginmáli, en greinarnar sjálfar hafðar ýmist undir því, þ.e. raunverulega neðanmáls á blaðsíðum, eða í samfelldri skrá aftan við ritsmíðina eða kaflann. Ekki er mér ljóst hvaðan þetta tilvísana- og neðanmálskerfi er komið. En það hefur verið að skjóta upp kollinum í íslenskum — og öðrum norrænum — fræðiritum á síðustu áratugum að ég hyrr, og er nú hin síðustu ár orðið býsan fyrirferðamikið í íslenskum hugvísindaritum að því er virðist.

Það er þó mín skoðun, eftir nokkra reynslu um árábil af skrifum þar sem ég hef þurft að vísa til heimilda og jafnframt talið ástæðu til að gera athugasemdir og koma með skýringar utan aðaltexta, að annað kerfi en ofangreint henti síst verr og skili þar að auki, að öðru jöfnu, mun heillegri og þar með læsilegri, auk heldur áferðarfallegri, lesmálssíðu í hendur lesenda. Í því kerfi er vísað til heimilda jafnt og athugasgreina með litlum tölustöfum í meginmáli og þær skráð-

ar í samfellda röð ýmist neðan við aðaltexta á hverri blaðsíðu eða - sem í flestum tilvikum er einfaldara við að eiga og laglegra að auki - aftan við sjálfa ritsmíðina. Með þessu móti getur lesandinn meðtekið meginmálið ótruflaður ef hann æskir þess, í stað þess að vera sí og æ að reka augun í tilvísanasviga með nöfnum og/eða skammstöfunum og tölum. Nóg getur verið um sviga í ritgerðum, þótt þessum sleppi, þar sem tíðum þarf að vísa í myndir, töflur o.fl. Þá er og hentugt að mínum dómi að beinar heimildartilvísanir og útskýrandi athugasgreinar verði samferða í fræðiritgerðum, þar sem oft vill verða svo, samkvæmt minni reynslu að minnsta kosti, að í athugasgreinum felist nánari útlistun eða viðbótarskýring á því sem vísað er til í heimildinni, eða að þær auki við það með einhverjum öðrum hætti.

Tilvitnanakerfi það sem ég nota — með örlitlum frávikum — var mér kennt við University of Washington í Seattle í Washingtonríki í Bandaríkjunum, þar sem ég stundaði nám bæði til B.A. og M.A. prófs. Ekki er það þó einskorðað við þann stað, því að ég fæ ekki betur séð en tilsvarende kerfi séu notuð í hugvísindalegum fræðiritgerðum víða annars staðar í enskumælandi löndum sem og í Norður-Evrópu og á öðrum Norðurlöndum, og í raun hafa tilvitnanakerfi af líku tagi — að vísu mismunandi fullkomin — einnig verið notuð um langt skeið hér á landi.

Kostir þessa kerfis eru þó fleiri en þeir að aðeins er ein tegund tilvitnana sem þarf að henda reiður á og að hægt sé að lesa meginmál ritsmíðar nokkurn veginn ótruflað af, vægast

sagt, hvímléiðum tilvísunarsvigum. Enn einn stóran kost hefur kerfið að mínu áliti fram yfir hitt, og það er að sérstakrar heimildaskrár er ekki þörf. Stafar þetta af því að fullkomin tilvísun til heimildar er ávallt skráð þegar fyrst er vitnað í hana, og er því hægt að finna hana þar. Ef vitnað er til hennar aftur er hún í styttri formi með aðstoð skammstafaðra latneskra alþjóðaðröð: **op. cit.**, **ibid.** og **loc. cit.**, eftir því sem við á hverju sinni. Með þessu er þó ekki sagt að heimildaskrá með þessu tilvitnanakerfi sé ekki gagnleg þegar um mjög víðamiklar ritsmíðar með mörgum heimildum er að ræða. Og þegar unnar eru rannsóknarritgerðir í þjálfunarskyni í háskóla er auðvitað sjálfsagt að nemendur vinni heimildaskrá jafnframt tilvitnunum.

Ég hef heyrt þau rök færð fyrir notkun „svigakerfisins“ að það sé miklum mun auðveldara í meðförum og fljótlegra að vinna samkvæmt því, og í fyrrnefnda ritinu hér að framan segir raunar á blaðsíðu 20 að þá sé „vérlitun og frágangur ritgerða einfaldari en ella.“ Ég kem þó ekki auga á neinn vinnusparnað, síst ef talsvert er af athugasgreinum, þ.e. neðanmálsgreinum, meðfram tilvísunum, auk þess sem áður var sagt að óumflýjanlegt er að gera fullkomna heimildaskrá og jafnvel talsvert víðamikla skammstafanaskrá á stundum.

Áður en ég lýk þessum athugasemdum get ég ekki látið hjá líða að minnast á annað atriði viðkomandi ritun íslenskra fræðigreina, sem einnig kemur fram í ofangreindum ritum. Þar er svo fyrir mælt að í heimildaskráum skuli skírarnafn höfundar skrifað

fyrst, ef um Íslending er að ræða — þess er þó ekki getið hvort eins skuli fara með nöfn þeirra sem bera ættarnöfn (?) — en ættarnafn fyrst, ef höfundur er erlendur. Í tilvísunum innan sviga skilst mér að eigi að skrifa fullt nafn Íslendinga - að minnsta kosti þess er ber föðurnafn (?) — en aðeins ættarnafn erlends höfundar.

Heldur finnst mér slíkar heimildaskráningar og tilvísanir verka ankannalegar og truflandi í fræðilegum ritgerðum, auk þess sem það hlýtur að rugla erlenda lesendur, sem lítt þekkja til nafnanotkunar Íslendinga. Sem flestar íslenskar fræðiritgerðir ættu að mínu viti að birtast með ágripi á einhverju erlendu máli, líklega einna helst á ensku eða þýsku, og þá væri um leið æskilegt að erlendum lesendum gæfist tækifæri til að nýta sér tilvitnanir og heimildaskrár. En til þess að svo megi verða þurfa þær að vera sæmilega aðgengilegar fyrir aðra en Íslendinga. Þetta má enn auðvelda á stundum með því að rita einnig tilvitnanatölur í ágripum. Geta þá erlendir lesendur leitað uppi heimildir ef þeir óska þess, og væri þá hagstæðara ef sömu reglum væri fylgt um röð íslenskra nafna og erlendra.

Sammála er ég þeim sem halda því fram að óviðeigandi sé að auðkenna Íslendinga eingöngu með föður- eða ættarnafni, en hjá þeim vanda má auðveldlega komast með því einu að skrifa fullt nafn, þ.e. bæði skírnar- og föður- eða ættarnafn, í eðlilegri röð, í tilvitnunum. Og ég fæ ekki séð að neinir gullhringar detti af okkur þótt við látum föðurnöfn okkar eða ættarnöfn fylgja alþjóðavenjum í heimildaskrá fræðiritgerða, þó svo að röðun

samkvæmt skirnarnöfnum sé aðalreglan í símaskránni!

21.5. 1981

Eftir að gengið hafði verið frá ofangreindri ritsmið til birtingar, bárust mér í hendur tvær fjölritaðar samantektir um ritgerðasmíð þar sem meðal annars er fjallað um meðferð á heimildum og tilvitnunum. Er önnur eftir Gunnar Karlsson og nefnist **Smámunir. Leiðbeiningar um meðferð heimilda í ritgerðum**, gefin út í Reykjavík 1979, en hina hefur samið Dagný Kristjánsdóttir og nefnir **Heimildarritgerðir**; er hún gefin út á Egilsstöðum 1980. Virðast báðir höfundar hallast að líku kerfi og ég tel æskilegast að nota, þótt sitt hvað smávegis beri í milli, sem þó ekki verður tíundað hér. Að sjá hefur Gunnar samið sitt rit fyrir nemendur í sagnfræði við Háskóla Íslands, en rit Dagnýjar, sem skrifað er í léttum dúr og myndskreytt með fremur óvenjulegum hætti, mun vera ætlað til notkunar við kennslu í Menntaskólanum á Egilsstöðum.

2.7.1981

Framh. af bls. 3

Karla Kristjánsdóttir gjaldkeri. Í ritnefnd Ljóra voru kosin Guðmundur Ólafsson, Mjöll Snæsdóttir og Þorsteinn Jónsson.

Félagið hélt almennan fund 21. mars, en aðalfundur var haldinn 23. maí. Sóttu hann um 70% félagsmanna, en þeir eru nú 37 talsins. Starfsráð félagsins var endurkjörið, nema hvað Ólafur Kvaran kom í stað Körtu Kristjánsdóttur. Starfsráðið hélt fund 18. júní, og voru þá kosnir í stjórn Frosti F. Jóhannsson formaður, Gunnlaugur Haraldsson ritari, og Ólafur Kvaran gjaldkeri.

LISTASÖFN Á LANDSBYGGÐINNI

Bjarni Bachmann

(Erindi flutt á fundi Félags Íslenskra
safnmanna 23.5. 1981)

Árið 1969 urðu páttaskil í starfsemi safna í Borgarnesi, en þá var keypt húsnæði, um 300 m², fyrir þrjú söfn: bókasafn, byggðasafn og skjalasafn. Fljótlega bættust við listasafn og náttúrugripasafn.

Fyrst nefndu söfnin þrjú eru eignaraðilar að Safnahúsinu, en öll eru rekstraraðilar safnahússins.

Þarna er komið að þeim þætti, sem augljóslega er meginþáttur sambýlis safnanna, að hafa öll söfnin saman undir sama þaki gerir það kleift fyrir fámenn byggðarlög að fjármagna söfnin, svo vel sé, ennfremur auðveldar það nýtingu starfsfólks.

Safnahússtjórn er kosin af safnastjórnunum, sem eru aðilar að Safnahúsi Borgarfjarðar. Aðalhlutverk safnahússtjórnar er:

- Að hafa yfirumsjón með rekstri safnahússins.
- Að sjá söfnunum fyrir húsnæði.
- Að ráða forstöðumann og annað starfsfólk að Safnahúsinu, að fengnum tillögum safnastjórna.

Hlutverk forstöðumanns er túlkað þannig, að hann sé fyrst og fremst rekstrarstjóri, en ráðið verði sérmenntað fólk að söfnunum, er annist þá sérmál þeirra er gæti varað í lengri eða skemmri tíma. Eitt er það, sem forstöðumaður fyrir sambýlissöfn verður að hafa í huga, að gera öllum söfnunum jafnt undir höfði.

Kostir sambýlis eru margir. Áður hefur verið minnst á hagsýni í rekstri og nýtingu starfsfólks, en listasafn gegnir miklu hlutverki. Það er fyrir augum safngesta, sem sækja söfnin og í sameiningu uppfylla þau hvert annars þarfir til fræðslu og menningarauka.

Ég hef orðið þess var, að þó ekki séu liðin nema 10 ár, síðan listasafnið tók til starfa, þá er hægt að fullyrða, að smekkur fólks hefur breyst og það hefur lært betur að meta góða list.

Enginn vafi er á því, að fólk kemur í söfn til að sjá eitthvað sérstakt, en reynslan hjá okkur er, að þegar það fer að skoða eitt safnið, þá vekur annað safn áhuga þess, því það er í auglýsni. Þannig dregur eitt safnið að og vekur áhuga á öðru.

Á vegum menntamálaráðuneytis er engin ráðgjafþjónusta fyrir söfn, þó undantekin sú þjónusta, sem bókafulltrúi veitir. Samskipti við menntamálaráðuneytið ætti að vera meiri og væri þörf á að í ráðuneytinu væri ráðgjafþjónusta fyrir listasöfn, byggðasöfn, og náttúrugripasöfn.

Listasafnsnefnd fyrir Listasafn Borgarness hefur þegar ákveðið að leita til listfræðinga um erindaflutning fyrir almenning og telur að slík fræðsla hafi mikla þýðingu og ætti að vera fast mótuð hjá öllum listasöfnum.

Sýningar frá ríkissöfnunum í Reykjavík út í héruð landsins væru æskilegar, en oftast er það skortur á húsnæði, sem háir þessari starfsemi. Ég hef gert tilraun með sýningar í Borgarfjarðarhéraði, en það fer allt eftir því hvernig sýningaraðstaða er, hvort vel tekst eða ekki.

Listasöfn hafa þörf fyrir leiðbein- ingaþjónustu vegna viðgerða á lista- verkum, en fremur má telja, að fjár- skortur hamli framkvæmdum á því sviði og sama má segja um innkaup á listaverkum. Það er ekki ár síðan sér- stök stjórn var sett Listasafni Borgar- ness, en ætla má af slíkri nefnd, að hún verði gætin í vali á listaverkum og að sjálfsögðu gæti komið til að ráðfæra sig við listfræðing, ef vafi léki á um val á listaverkum.

Eitt er það sem nauðsynlegt er að sé í öllum söfnum, en það er skráning aðfanga til safna. Hjá bókasöfnum er þetta í góðu lagi, því bókasöfn hafa sérstaka skráningarmiðstöð, svipað er nú í undirbúningi hvað skjalasöfn áhrærir. Í Þjóðminjasafni er fastmót- að kerfi, sama má segja um Listasafn Íslands. En frá þessum höfuðsöfnum vantar frekari upplýsingar og fræðslu í formi bæklinga, t.d. ætti að vera til í bókaformi skrá yfir öll listaverk Lista- safns Íslands og þar greint frá hverju verki eins og það er innfært á spjald- skrá. Gæti slík skrá verið öðrum söfn- um til eftirbreytni.

Enginn vafi leikur á því, að með stofn- un félags safnamanna aukast kynni milli manna, sem aftur hefur það í för með sér, að samstarf milli safna eykst. Upplýsingaþjónusta og fyrir- greiðsla öll verður virkari. Listasafn Borgarness hefur t.d. þegar lánað myndir á sérstakar sýningar, bæði fyrir söfn og einstaka listamenn, er það ekki nema sjálfsagt.

Það sem veldur flestum forstöðu- mönnum safna hvað mestum áhyggj- um, minnsta kosti utan Reykjavíkur, er rekstur safna.

Ég hef áður komið að því, að kostur samþýlis er mjög þýðingarmikill, þeg-

ar þörf er á því að lækka rekstrarkost- nað hvers safns fyrir sig, vegna hag- ræðis í sameiginlegum rekstri. Aftur er viðleitni ríkisvalds um fjárframlög afar bágborin, það þarf ekki annað en líta á úthlutunarlista ríkis, þar sést eittþúsund hér og eittþúsund þar, sum söfn fá ekkert jafnvel þó gert sé ráð fyrir því í lögum og reglugerðum.

Hér er drepíð á höfuðverkefni fyrir það félag, sem við höfum stofnað með okkur og nauðsyn er skjótra úr- bóta í þessu efni.

Ég skal í stuttu máli segja frá hvernig Borgarneshreppur fjármagn- ar Listasafn sitt: Listasafnið fær til umráða 1% af álögðum útsvarstekj- um hreppsins, sem verður í ár ca. fjórar milljónir og sjöhundruð þúsund gamlar krónur og vænta má að frá ríkissjóði komi ein og hálf milljón gamlar krónur. (Áætlað er, að til sameiginlegs rekstrar safnanna fari um ein milljón gamlar krónur.)

Það er ekki fyrr en á síðustu árum, að listasöfn hafa náð fótfestu utan Reykjavíkur. Líta má á þessi söfn, að þau séu þjóðarsöfn, þó hreppsfélög stjórní þeim, rétt eins og skólum landsins, en við gerum okkur grein fyrir því, þó að mörg héruð leggi fram myndarlegt fjármagn til safna, þá hafa þau ekki alltaf bolmagn til að fjármagna nýbyggingar. Um söfn má segja, að þau eru framhaldsskóli og því betur sem þau eru búin og fjöl- breytt verður árangur meiri í fræðslu og upplýsingarþjónustu.

Því er það, að ég vil gera að tillögu minni, að í lög komist, að ríkið leggi fram 50% af byggingarkostnaði safna, rétt eins og um skólabygging- ar væri að ræða.

LÖG

FÉLAGS ÍSLENSKRA SAFNMANNA

1. Félagið heitir Félag íslenskra safnmanna. Lögheimili þess er í Reykjavík.

2. Félagar geta þeir orðið, sem lokið hafa námi í greinum, sem nýtast í starfsemi lista-, minja- og náttúrufræðisafna. Ennfremur allir þeir, sem vinna í faglegu starfi við slík söfn. Inntaka nýrra félaga er háð samþykkt félagsfundar.

3. Tilgangur félagsins er:

a) að efla samstarf og kynni milli safna og safnmanna, fjalla um safna-mál og ýmsan vanda þeim tengdan, auka þekkingu og fræðslu á söfnum og safnstörfum og annast samskipti við safnmenn og hliðstæð samtök erlendis,

b) að leitast við að tryggja réttindi og hagsmuni félagsmanna, t.d. þannig að félagsmenn með tilskilda menntun hafi forgangsrétt til starfa á söfnum.

Þessum markmiðum má ná með útgáfustarfsemi, fundahöldum, fyrirlesturum og ferðalögum.

4. Aðalfund skal halda fyrir 1. júní ár hvert og skal hann boðaður bréflega með minnst hálfsmánaðar fyrirvara.

Þá er aðalfundur lögmætur, ef hann er löglega boðaður.

5. Á aðalfundi skal stjórnin skýra frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggja fram endurskoðaða reikninga og eignaskrá þess til athugunar og samþykktar.

6. Aðalfundur kys 8 manna starfsráð og tvo endurskoðendur. Ráðið kys síðan formann, ritara og gjaldkera úr sínum hópi. Kosning skal vera skrifleg, sé þess óskað.

7. Stjórninni er skylt að boða til almenns fundar, ef 5 eða fleiri félagsmenn æskja þess. Almennan fund skal boða með minnst einnar viku fyrirvara. Almennur fundur er lögmætur, ef hann er löglega boðaður.

8. Árgjald félagsmanna skal ákveðið á aðalfundi ár hvert og annast gjaldkeri innheimtu þess eftir félagaskrá, sem ritari heldur.

9. Lögum þessum má einungis breyta á aðalfundi, enda sé tekið fram að lagabreytingar séu á dagskrá og þær kynntar í fundarboði.

„KÚNSTIN AÐ KOMA UPP SAFNI“

Guðmundur Ólafsson

1. Aðalatriðið við hönnun safnahúsa er, að þau líti sem glæsilegast út að utan. Anddyrið er líka mikilvægt. Glæsilegust eru margra hæða safnahús án lyftu.

2. Inngangar eiga að vera þröngir og krókóttir og helst við endann á háum tröppum. Virðuleg söfn eru alltaf full af tröppum.

3. Gluggar eiga að vera margir og stórir.

4. Geymslur eru óþarfar. Góð söfn hafa auðvitað alla sína muni til sýnis. Hagkvæmt er þá að raða hlutunum í eitt skipti fyrir öll. Það ruglar bara fólk, ef breytt er til.

5. Vinnuaðstaða fyrir safnverði er óþörf, eins og reyndar safnverðirnir sjálfir. Það er yfirdrifið nóg að hafa 1-2 gæslumenn í safninu til að líta eftir hlutunum og taka við aðgangseyri.

6. Varist að safna meiru en þegar er til í safninu. Slíkt tefur bara umsjónarmanninn frá gæslustörfum, og

leiðir óhjákvæmilega til aukinna þrengsla í safninu.

7. Skrásetningu muna og öðrum tímafrekum skriffinnskuuppátækjum er ráðlegt að sleppa. Þú reynir bara að leggja upplýsingar, sem berast, vel á minnið.

8. Ekki er þörf á að setja skýringar-texta hjá einstökum sýningargripum. Þeir hafa truflandi áhrif á annars ágætar sýningar. Þar að auki á fólk að þekkja þessa hluti.

9. Munið að söfn þurfa sama og ekkert rekstrarfé, þegar þau eru komin upp, ef þeim er skynsamlega stjórnað. Þess vegna er rétt að stilla öllum fjárkröfum í hóf.

10. Óbreyttir safnmenn ættu ekki að vera að skipta sér af rekstri safna eða tilhögun safnmála. Slíkt er ókurteisi. Kröfugerðir og gagnrýni er ósamboðin menningarlegu fólk. Þar að auki er ekkert við fornminjalögin eða minjavörsluna almennt að athuga.

Framh. af bls. 6

safnsins. Þess vegna hefur verið litið svo á að Árbók Fornleifafélagsins væri jafnframt eins konar málagn eða ritvöllur safnsins. Í reynd hefur þetta verið þannig að talsverður hluti af efni Árbókar er kominn frá starfsmönnum safnsins. Ársskýrsla um starf þess hefur t.d. verið fastur þáttur í Árbókinni, sem er dæmi um hin nánu tengsl.

Þetta kann að eiga þátt í því að Þjóðminjasafnið hefur aldrei efnt til neins ársrits á eigin vegum.

Fyrir allmörgum árum komu í Sjóðvarpinu nokkuð reglubundið þættir um muni og minjar, sem nokkrir starfsmenn Þjóðminjasafnsins sáu um. Ekki hef ég heyrt þess getið að til stæði að taka þetta upp að nýju. Hins vegar hefur Þjóðháttadeild safnsins

lengi átt farsæla samvinnu við Hljóð-
varpið.

Margt mætti telja sem torveldar
dagleg störf í safninu. Þar á meðal
eru óhentug húsakynni, einkum ófull-
nægjandi geymslupláss. En lang-
versti annmarkinn er samt skortur á
fullkominni skráningu. Ófullkomin

skráning gerir allar rannsóknir, upp-
lýsingamiðlun og aðra þjónustu
óeðlilega torvelða og tímafreka. Allir
sem eitthvað þekkja til safnstarfa vita
að skráningarvinnan verður ekki hrist
fram úr erminni. En hver veit nema
tölvutæknin opni hér óvænta mögu-
leika í náinni framtíð?

EFNISYFIRLIT:

Frá ritstjórn	bls. 2
Árni Björnsson: Stofnun Félags Íslenskra safnmanna	3
Halldór J. Jónsson: Þjónustuhlutverk Þjóðminjasafnsins	4
Kristín H. Sigurðardóttir: Tvö ný Ulfbert sverð	7
Farandsýningar Útnorðursafnsins	11
Guðmundur Ólafsson: Lifandi söfn eða dauðar geymslur	12
Frosti Jóhannsson og Hallgerður Gísladóttir: Þjóðfræðasöfnun stúdenta sumarið 1976.	15
Nanna Hermannsson: Fundur safna í útnorðri í Þórshöfn 1980. — Nordatlant-museet	22
Elsa E. Guðjónsson: Um tilvitnanakerfi	24
Bjarni Bachmann: Listasöfn á landsbyggðinni	27
Lög Félags Íslenskra safnmanna	29
Guðmundur Ólafsson: „Kúnstin að koma upp safni“	30

ÁSKRIFT

Tímaritið LJÓRI, Box 1439,
121 Reykjavík s. 91-13264.
Dreifing: Guðný Gerður
Gunnarsdóttir,
s. 91-84412.

RITSTJÓRN

Guðmundur Ólafsson, ábm.
Mjöll Snæsdóttir
Þorsteinn Jónsson

Setning: KÖRPUS HF. PRENTUN: GRAFÍK HF.



een in woner van yslant Rai Kiarie. 1948